

---

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/17/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7904 – Bekaert/OTPP/ Bridon Bekaert Ropes JV) .....	1
2016/EES/17/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7968 – EQT Services UK/ Kuoni Travel Holding) .....	2
2016/EES/17/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7976 – Deutsche Alternative Asset Management (Global)/Ermewa/Akiem) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	3
2016/EES/17/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7988 – Rhône Capital/AP/ Garda World Security) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	4
2016/EES/17/05	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. janúar 2016 þar sem lýst er yfir að samfylking fyrirtækja samræmist innra markaðnum og framkvæmd EES-samningsins (mál M.7567 – Ball/Rexam) .....	5
2016/EES/17/06	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópu- þingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannþjónustukvaðir (Spánn) .....	5
2016/EES/17/07	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	6

<b>2016/EES/17/08</b>	Tilkynning stjórnvalda á Kýpur með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Tilkynning um þriðju úthlutunarlotu undan ströndum Kýpur varðandi leyfi til að rannsaka kolvatnsefni .....	7
<b>2016/EES/17/09</b>	Tilkynning stjórnvalda á Kýpur með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	8

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7904 – Bekaert/OTPP/Bridon Bekaert Ropes JV)**

**2016/EES/17/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. mars 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið NV Bekaert SA („Bekaert“) og Ontario Teachers' Pension Plan Board („OTPP“) í Kanada, öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Bridon Bekaert Ropes.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bekaert: umbreyting og yfirborðsmeðferð stálvíra
  - OTPP: stjórnun lífeyrisgreiðslna og fjárfestinga á eignum lífeyriskerfis fyrir hönd starfandi kennara í kanadíska fylkinu Ontario og þeirra kennara sem eru komnir á eftirlaun; OTPP hefur fjárfest í margvíslegum fyrirtækjum um víða veröld, m.a. breska fyrirtækinu Bridon International Ltd. („Bridon“) sem framleiðir á heimsvísu víra úr stáli og kaðla úr gerviefnum
  - Bridon Bekaert Ropes: mun samstanda af stálvíragerð (og annarri tengdri starfsemi) Bekaert og OTPP
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 23. mars 2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7904 – Bekaert/OTPP/Bridon Bekaert Ropes JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7968 – EQT Services UK/Kuoni Travel Holding)**

2016/EES/17/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. mars 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fjárfestingarsjóðurinn EQT VII, sem er undir stjórn breska fyrirtækisins EQT Services Limited („EQT“), öðlast með yfirtökuboði að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í svissneska fyrirtækinu Kuoni Travel Holding Ltd („Kuoni“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - EQT: fjárfestingarsjóður. Fyrirtæki í eignasafni EQT starfa í nokkrum atvinnugreinum og einn sjóða hans stjórnar hótélkeðjunnar Scandic Hotel Groups sem starfar einkum í Norður-Evrópu
  - Kuoni: þjónustuveitandi fyrir ferðaþjónustu um heim allan og ríkisstjórnir
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 23. mars 2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7968 – EQT Services UK/Kuoni Travel Holding, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/17/03****(mál M.7976 – Deutsche Alternative Asset Management (Global)/Ermewa/Akiem)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. mars 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Deutsche Alternative Asset Management (Global) Ltd („DAAM Global“), sem er hlutdeildarfélag þýska bankans Deutsche Bank AG („Deutsche Bank“), og franska fyrirtækið Ermewa Holding S.A. („Ermewa“), sem er með óbeinum hætti dótturfélag franska fyrirtækisins SNCF Mobilities („SNCF Mobilities“), öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í franska fyrirtækinu Akiem Holdings S.A.S. („Akiem“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DAAM Global: fjárfestingarstýring og stjórnun verðbréfasjóða. Fyrirtækið er dótturfélag, að fullu í eigu Deutsche Bank, sem veitir fjármálaþjónustu á heimsvísu
  - Ermewa: eignastýring í flutningastarfsemi, einkum leiga á eimreiðum, leiga á járnbrautavögnum undir vöruflutninga í Evrópu og leiga á tankgámum og litlum gámum á alþjóðavísu. Það starfar einnig í Frakklandi við viðhald, smíði og viðgerðir á járnbrautavögnum. Ermewa er með óbeinum hætti dótturfélag SNCF Mobilities, sem er franskt fyrirtæki í opinberri eigu á sviði iðnaðar og viðskipta, sem annast þjónustu fyrir farþega- og vöruflutninga með járnbrautum
  - Akiem: leiga á hvers kyns eimreiðum, útvegar viðhaldsþjónustu þriðju aðila fyrir eimreiðar og tengda þjónustu, og hvers kyns starfsemi tengd tækni, viðskiptum eða fjármálum sem varðar þessa starfsemi með beinum eða óbeinum hætti
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 114, 31. mars 2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7976 – Deutsche Alternative Asset Management (Global)/Ermewa/Akiem, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7988 – Rhône Capital/AP/Garda World Security)**

2016/EES/17/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. mars 2016 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem einingar undir stjórn bandaríska fyrirtækisins Rhône Capital L.L.C. („Rhône Capital“) og breska fyrirtækisins Apax Partners LLP („AP“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í kanadíska fyrirtækinu Garda World Security Corporation („Garda“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rhône Capital er óskráð félag (private equity firm)
  - AP veitir ráðgjafarþjónustu á sviði fjárfestinga
  - Garda veitir gæslu- og eftirlitsþjónustu og öryggisþjónustu vegna peningasendinga, innanlands og á alþjóðavettvangi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 115, 1. apríl 2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni M.7988 – Rhône Capital/AP/Garda World Security, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. janúar 2016 þar sem lýst er yfir að samfylking fyrirtækja samræmist innra markaðnum og framkvæmd EES-samningsins**

2016/EES/17/05

(mál M.7567 – Ball/Rexam)

Hinn 15. janúar 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun í samrunamáli samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Ákvörðunina í heild sinni, á upprunalegu, fullgiltu tungumáli málsins, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála á eftirfarandi slóð:

[http://ec.europa.eu/comm/competition/index\\_en.html](http://ec.europa.eu/comm/competition/index_en.html)

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flughjónustu í Bandalaginu**

2016/EES/17/06

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Spánn
Flugleiðir	Gran Canaria – Tenerife Sur Gran Canaria – El Hierro Tenerife Norte – La Gomera Gran Canaria – La Gomera
Samningstími	Tvö ár eftir að rekstur hefst
Frestur til að skila tilboðum	Tveir mánuðir frá því að útboðsauglýsing þessi birtist (Stjtið. ESB C 107, 22.3.2016, bls. 11)
Texti útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvöðina, er afhentur eftir beiðni sem senda ber:	Ministerio de Fomento Dirección General de Aviación Civil Subdirección General de Transporte Aéreo Paseo de la Castellana 67 28071 Madrid España  Sími +34 915977505 Bréfasími: +34 915978643 Netfang: osp.dgac@fomento.es

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup>**

2016/EES/17/07

*Auglýsing um umsókn um sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndum kolvatnsefnum, sem kennt er við „Échemines“*

Hinn 26. janúar 2016 sótti fyrirtækið Société Pétrolière de Production & d'Exploitation SAS (ZA Pense Folie, 45220 Château-Renard, France) um einkaleyfi til fimm ára, „Échemines-leyfið“, til hefðbundinnar olíu- og gasleitar í sýslunum Aube og Yonne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af beinum línunum sem tengja hornpunktana sem eru skilgreindir hér að neðan:

Hornpunktur	NTF núlllengdarbaugur sem liggur í gegnum París		RGF93 núlllengdarbaugur sem liggur í gegnum Greenwich	
	Austlæg lengd	Norðlæg breidd	Austlæg lengd	Norðlæg breidd
A	1,60 nýgr.	53,90 nýgr.	3°46'36"	48°30'36"
B	1,80 nýgr.	53,90 nýgr.	3°57'24"	48°30'36"
C	1,80 nýgr.	53,70 nýgr.	3°57'24"	48°19'48"
D	1,90 nýgr.	53,70 nýgr.	4°02'48"	48°19'48"
E	1,90 nýgr.	53,50 nýgr.	4°02'48"	48°09'00"
F	1,50 nýgr.	53,50 nýgr.	3°41'12"	48°09'00"
G	1,50 nýgr.	53,60 nýgr.	3°41'12"	48°14'24"
H	1,60 nýgr.	53,60 nýgr.	3°46'36"	48°14'24"

Svæðið sem skilgreint er hér að framan er um 735 km<sup>2</sup>.

#### Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir sem keppa um leyfið skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (*Stjtið. ESB C 108, 23.3.2016, bls. 3*), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374, hinn 30. desember 1994, bls. 11*, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknir ber að senda til ráðuneytis umhverfismála, orku og sjávar á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst frönskum stjórnvöldum, þ.e. eigi síðar en 2. febrúar 2018.

#### Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í frönskum námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 (með áorðnum breytingum) um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, (frönsku stjórnartíðindin) 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðuneyti umhverfismála, orku og sjávar á eftirfarandi pósthfangi:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.



Direction générale de l'énergie et du climat – Direction de l'énergie  
 Bureau exploration et production des hydrocarbures  
 Tour Séquoia  
 1 place Carpeaux  
 92800 Puteaux  
 FRAKKLAND  
 Sími +33 140819527

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance: <http://www.legifrance.gouv.fr>

**Tilkynning stjórnvalda á Kýpur með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/EES/17/08  
 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna  
 kolvatnsefni**

**Tilkynning um þriðju úthlutunarlotu undan ströndum Kýpur varðandi leyfi til að  
 rannsaka kolvatnsefni**

Í samræmi við a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup> auglýsir Lýðveldið Kýpur eftir umsóknum um leyfi til að leita að kolvatnsefnum og í framhaldi af því leyfi til að vinna kolvatnsefni á tilteknu svæði í efnahagslögsögu Kýpur. Tekið er á móti umsóknum í 120 daga eftir að auglýsingin birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins ([Stjtið. ESB C 110, 24.3.2016, bls. 3](#)). Umsóknir sem berast ráðuneyti orku, viðskipta, iðnaðar og ferðamála eftir að framangreindur frestur rennur út verða ekki teknar til greina.

Leitarsvæðin, sem um ræðir, afmarkast af eftirtöldum hnitum (WGS84):

<i>Leitarsvæði nr.</i>	<i>Lengd</i>	<i>Breidd</i>
Leitarsvæði 6	31:15:00	33:30:00
	31:15:00	34:10:00
	31:55:00	34:10:00
	31:55:00	33:30:00
Leitarsvæði 8	32:35:00	33:30:00
	32:35:00	34:10:00
	33:15:00	34:10:00
	33:15:00	33:30:00
Leitarsvæði 10	30:39:02	33:30:00
	31:55:00	33:30:00
	31:55:00	33:08:24
	31:36:30	33:11:30
	31:15:00	33:18:40
	31:07:00	33:21:20

Umsóknir um leyfi til að leita að kolvatnsefnum og í framhaldi af því að vinna kolvatnsefni skal senda:

The Hon. Minister  
 Ministry of Energy, Commerce, Industry and Tourism  
 1421 Nicosia  
 KÝPUR

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Ákvörðun um umsóknir í þessari þriðju úthlutun leyfa til leitar undan ströndum Kýpur verður tekin í ríkisstjórn Lýðveldisins Kýpur og er gert ráð fyrir að það gerist innan sex mánaða frá því að umsóknarfrestur sem um getur í þessari auglýsingu rennur út.

Veiting leyfa af hálfu ríkisstjórnarinnar, sem er lögbært yfirvald, er með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB.

Óska má eftir ítarlegum leiðbeiningum og frekari upplýsingum um tilhögun umsókna á skrifstofu ráðuneytisstjóra ráðuneytis orku, viðskipta, iðnaðar og ferðamála (Permanent Secretary of the Ministry of Energy, Commerce, Industry and Tourism), 1421 Nicosia, Kýpur, sími: +357 22409310, bréfasími: +357 22409348, netfang: Third.LR@mcit.gov.cy

**Tilkynning stjórnvalda á Kýpur með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

**2016/EES/17/09**

Með fyrirvara um beitingu ákvæða 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 94/22/EB að því er varðar þjóðaröryggi gjörir Lýðveldið Kýpur kunnugt öllum, sem hagsmuna eiga að gæta, að eftirfarandi sjónarmið verða látin ráða þegar leyfi eru veitt til leitar, rannsókna og vinnslu kolvatnsefnis:

- a) Hæfni umsækjanda í tæknilegum og fjárhagslegum efnum.
- b) Aðferðir sem umsækjandi hyggst nota við starfsemina sem er tilgreind í leyfinu.
- c) Greiðslan sem umsækjandi býður fyrir leyfið.
- d) Hvort skort hafi á skilvirkni og ábyrgð hjá umsækjanda í tengslum við annað leyfi eða starfsheimild af hvaða tagi sem vera skal í öðrum löndum.

Nú kemur í ljós við mat samkvæmt ofangreindum viðmiðum að tvær eða fleiri umsóknir teljast jafngildar og skal þá höfð hliðsjón af tillögum umsækjanda að því er varðar almannavarnir, lýðheilsu, samgönguöryggi, umhverfisvernd, verndun lífríkisins og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt eða fornminjatengt gildi, öryggi atvinnutækja og starfsmanna og fyrirhugaða umsýslu kolvatnsefnisauðlinda.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/22/EB er greint frá skilmálum og kröfum er varða starfsemina og lok starfsemi í tengslum við hverja einstaka gerð leyfis í viðeigandi löggjöf og í fyrirmynd að hlutdeildarsamningi sem áhugaaðilar geta fengið með því að senda beiðni til ráðherra orku, viðskipta, iðnaðar og ferðamála (Minister of Energy, Commerce, Industry and Tourism), á eftirfarandi veffangi: [www.mcit.gov.cy](http://www.mcit.gov.cy) (sími +357 22409310, bréfasími +357 22409348, netfang: Third.LR@mcit.gov.cy).